


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	MYL103 Módelteikning Kennsluáætlun vor 2015	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 3		

Kennari: Björg Eiríksdóttir, BJE, bjorg@vma.is

Viðtalstími: Þriðjudaga 12:50-13:30

Áfangalýsing

Nemandinn þjálfar sig í að umbreyta þrívíðu formi mannlíkamans í tvívíða teikningu.

Samvinna sjónskynjunar og hreyfingar handar er eflað á ýmsa vegu. Nemandinn tileinkar sér aðferðir til að meta stærðir, stefnu, hlutföll og afstöðu mismunandi líkamsparta og raða saman í heildarmynd. Hann rannsakar á agaðan hátt byggingu og mótun forma mannlíkamans þar sem áhersla er á jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir einnig frjálsri teikningu þar sem leikur túlkun og tjáning er í forgrunni. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum með blýanti, kolum, bleki og leir meðal annars. Í tengslulm við verkefnavinnu skoðar nemandinn dæmi úr myndlistasögu og samtímalist þar sem mannlíkaminn er viðfangsefið. Hann vinnur sjálfstætt að nánari skoðun á módeli og teiknistíl milli kennslustunda og ígrunda stöðugt verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur.



Samuel Bonill

Þekkingarviðmið


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handar í teikningu.
- jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannlíkamans.
- samhljómi milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar mannlíkamans.
- aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta.
- muninum á rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu.
- hvernig nokkrir listamenn hafa unnið með mannlíkamann í sögunni og samtímanum.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- hreyfa teikniáhold í samræmi og samfellu við skynjun sína.
- teikna mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi, réttum hlutföllum og hreyfingu og móta form hans.
- beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta.
- byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannlíkamanum og verkum annara.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ	MYL103 Módelteikning Kennsluáætlun vor 2015	
Síða 2 af 3		

- skynja og túlka það sem hann sér og upplifir.
- ígrunda verk sína og vinnuferli og ræða við aðra.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í módelteikningu til að vinna að ýmsum ólíkum verkefnum.
- taka eftir því í umhverfi sínu sem tengist módelteikningu og vinna með það á eigin forsendum.
- nýta verk annara listamanna sem innblástur fyrir eigin verk.
- taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annara.

Námsmat

Próflaus áfangi. Metið í formi leiðsagnarmats, sjálfsmats og kennaramats.

Verk 45%. Tekið er tillit til afraksturs í tengslum við ætlan, notkunar grunnreglna og valds á efnum og aðferðum.

Ferli 50%. Tekið er tillit til hvernig nemandi ber sig að við vinnuna, áhuga, hugvitssemi, notkunar fyrirmynda, rannsóknar og ígrundunar.

Verkefni

1. Rannsóknarvinna, þar sem módelið er í löngum stöðum. Áhersla er lögð á að greina jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í stöðunni og til þess notuð ýmsar hjálparaðferðir.

2. Hraðteikningar, leikur með mismunandi áhöld og aðferðir þar sem lögð er áhersla á túlkun og tjáningu.

3. Leirmótun, til hjálpar við að skynja þrívíða formið og yfirfæra það í tvívídd.

4. Vinna í skissubók heima og í skóla, nánari skoðun á módeli og teiknistíl.

5. Módel saga, mynddiskur, How Art Made the World.


6. Listamenn sem fást við mannlíkamann skoðaðir í bókum af safni og á netsíðum.

Opið hús 29. apríl

Með fyrirvara um breytingar.

Gangi ykkur vel!

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	MYL103 Módelteikning Kennsluáætlun vor 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

Undirritun kennara + dagsetning

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils